

7. apríl 2021

Ávarp Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands, á 60. ársfundi bankans 7. apríl 2021.

Hæstvirtur forsætisráðherra, seðlabankastjóri og aðrir tilheyrendur. Ég set hér með sextugasta ársfund Seðlabanka Íslands. Eins og fyrir ári setur COVID-19-veiran mark sitt á fundinn. Gestir á staðnum eru örfáir en fundurinn er sendur út á vefnum.

Seðlabanki Íslands var stofnaður með lögum nr. 10/1961 og fagnar því sextugs-afmælinu í ár. Seðlabankinn er nú mjög ólíkur þeim sem stofnaður var 1961. Starfsemi bankans og sú löggjöf sem hann byggir á hefur þannig tekið margvíslegum breytingum á þessum sex áratugum. Veigamiklar breytingar voru gerðar á lögunum um bankann á níunda áratugnum þegar vextir voru gefnir frjálsir og einnig árið 2001 þegar sjálfstæði bankans til þess að beita tækjum sínum var staðfest auk annarra mikilvægra breytinga.

Nú síðast urðu miklar breytingar með lögunum sem tóku gildi í byrjun síðasta árs þegar Fjármálaeftirlitið var sameinað bankanum og honum þar með falið eftirlit með allri fjármálastarfsemi í landinu. Nú greinist starfsemi bankans því í þrjár meginstoðir: móton og framkvæmd peningastefnu, fjármálastöðugleika og eftirlit með fjármálastarfsemi.

Undangengið ár hefur starf bankans að verulegu leyti einkennst af viðbrögðum við veirunni. Helstu aðgerðir Seðlabankans hafa miðað að því að bregðast við vandanum sem af henni leiddi og ástandið hefur haft talsverð áhrif á hvar og hvernig starfið í bankanum fer fram. Að auki var mikil áhersla lögð á að samþætta starfsemi Seðlabankans á grundvelli fyr nefndra lagabreytinga.

Samkvæmt nýjum lögum um bankann ber seðlabankastjóri ábyrgð á starfsemi bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Ásgeir Jónsson hefur gegnt starfi seðlabankastjóra síðan í ágúst 2019. Þrír varaseðlabankastjórar hófu störf í upphafi síðasta árs. Rannveig Sigurðardóttir er varaseðlabankastjóri peningastefnu, Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Unnur Gunnarsdóttur varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka sameiginlega ákvarðanir um tiltekin mál, samanber. 3 grein laganna um bankann.

Þrjár nefndir taka nú ákvarðanir um beitingu valdheimilda og stjórntækja Seðlabankans varðandi peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlit, þ.e. pen-

ingastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd. Auk seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra sem sitja í nefndunum í samræmi við ábyrgðarsvið sín, sitja í þeim utanaðkomandi fulltrúar.

Nýtt skipulag bankans tók gildi í upphafi ársins 2020 í kjölfar gildistöku nýrra laga. Kjarnasvið bankans eru sjö og stoðsviðin fjögur auk miðlægrar skrifstofu bankastjóra. Upplýsingar um starfsemi bankans og afkomu má finna í ársskýrslu hans sem birt var í dag.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri bankans rúmlega 68 milljarðar króna á árinu 2020 en árið áður var hagnaðurinn rúmlega 22 milljarðar króna. Hagnað bankans má að mestu rekja til jákvæðs gengismunar, en eignir í erlendum myntum eru umtalsvert meiri en skuldir, og virðisbreytinga eigna. Rekstrargjöld bankans voru rúmlega 7,4 milljarðar króna. Þau hækkuðu milli ára vegna sameiningarinnar við Fjármálaeftirlitið, en árið 2019 voru rekstrargjöld bankans riflega 4,7 milljarðar króna. Hreinar vaxtatekjur á árinu voru 75 milljónir króna en árið áður voru þær neikvæðar um riflega 9 milljarða króna.

Eignir bankans námu tæplega 843 milljörðum króna í lok ársins, um þremur milljörðum króna meira en árið áður, en um 97% eigna bankans voru erlendar. Eigið fé jókst úr 82 milljörðum króna í 150,8 milljarða króna, sem er 800 milljónum króna meira en eiginfjármarkmið bankans sem bankaráð hefur staðfest. Hagnaður umfram eiginfjármarkmið bankans var greiddur ríkissjóði sem arður.

Í lok árs 2020 voru 303 starfsmenn í Seðlabankanum en þeim hafði fjölgað úr 177 frá fyrra ári vegna sameiningarinnar við Fjármálaeftirlitið. Kynjahlutfallið hélst áfram nokkuð jafnt og jafnlaunagreining leiddi áfram í ljós að enginn marktækur, óútskýrður launamunur var á milli kynjanna.

Á árinu var hafist handa við framkvæmdir á húsnæði bankans að Kalkofnsvegi 1. Það þurfti endurnýjunar við eftir áratuga notkun en samhliða var ráðist í að endurhanna vinnuaðstöðu til þess að rúm yrði fyrir fleiri starfsmenn. Að framkvæmdum loknum verður að óbreyttu unnt að koma allri meginstarfsemi Seðlabankans fyrir í húsi bankans.

Á árinu 2020 reyndi verulega á Seðlabankann, stjórnendur hans og starfsfólk. Í mörg horn var að líta við sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Síðan bættust sem fyrr segir við þung verkefni í kjölfar COVID-19-faraldursins. Eðlilega mæddi talsvert á starfsfólkinu sem þurfti flest hvert að sinna vinnu sinni heima hjá sér drjúgan hluta ársins. Seðlabankinn brást við þessum áskorunum og verður ekki annað sagt en að hann hafi vel staðið undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar og að fyrsta starfsárið eftir sameiningu hafi gengið vel miðað við aðstæður.

Hlutverk bankaráðs er að hafa eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda og staðfesta ýmsar ákvarðanir og reglur sem bankinn setur. Á nýliðnu ári var bankaráð skipað Þórunni Guðmundsdóttur, Sigurði

Kára Kristjánssyni, Frosta Sigurjónssyni, Bolla Héðinssyni, Unu Maríu Óskarsdóttur og Jacqueline Clare Mallett, ásamt mér sem gegndi stöðu bankaráðsformanns. Bankaráðið hélt 14 fundi á árinu.

Ég þakka starfsmönnum bankans fyrir gott starf og samstarf á árinu 2020. Ég vil jafnframt þakka fulltrúum í bankaráði, varaseðlabankastjórum, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda fyrir gott samstarf. Þá vil ég færa seðlabankastjóra, Ásgeiri Jónssyni, sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Ásgeir mun hér á eftir flytja ársfundarræðu sína en fyrst skulum við hlýða á ávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Í lokin munum við svo fá að sjá myndband um hönnun íslensku seðlaraðarinnar en 40 ár eru nú liðin síðan nágildandi seðlaröð var sett í umferð við myntbreytingu.

Að lokum óska ég Seðlabanka Íslands og starfsmönnum hans öllum til hamingju með sextugsafmælið. Bankinn stendur vel á þessum tímamótum og allar forsendur eru til að ætla að honum muni takast að sinna mikilvægu lögbundnu hlutverki sínu í framtíðinni.